Námsgrein: Umsjónarkennsla 4. bekkur

Kennari: Ruth Ragnarsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag: Námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsgreinar og enska eru kenndar í samþættum þemaverkefnum eftir aðferðum Byrjendalæsis. Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Námsefni er aðlagað að þörfum hvers og eins nemenda. Rík áhersla er lögð á lestur á fjölbreyttan hátt og birtist hann í allri verkefnavinnu. Unnið er með Jákvæðan aga í daglegu starfi og eru skipulagðir bekkjarfundir í hverri viku þar sem lögð er áhersla á lýðræði, mannréttindi og jafnrétti, samskipti og samvinnu. Við skil á verkefnum eru notaðar fjölbreyttar og skapandi aðferðir. Heilbrigði og velferð nemenda er höfð að leiðarljósi í allri vinnu. Í stærðfræði er lögð áhersla á tungumál stærðfræðinnar og samvinnu nemenda við lausn verkefna. Unnið er í Sprota, verkefnablöðum og stærðfræðileikjum. Aðgengi að námsgögnum er gott og áhersla er lögð á að nemendur geti fundið hvaða aðferð hentar þeim við nám. Unnið er með ýmis konar hjálpargögn og áþreifanleg námsgögn.

Námsmat: Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir skólaárið með fjölbreyttum hætti. Kennari fylgist með skilningi nemenda á viðfangsefni og getu til úrvinnslu þess. Sjálfsmat nemenda eftir því sem við verður komið og merkt við hæfniviðmið á mentor reglulega.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Lestur og læsi í víðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Þeir lesa og túlka texta, myndir og tjá sig á fjölbreyttan hátt með aðferðum Byrjendalæsis.
Sjálfbærni	Nemendur læra að bera virðingu fyrir nátturu og samfélagi í nærumhverfi sínu.
Heilbrigði og velferð	Heilbrigði og velferð er höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Nemendur fá tækifæri til hreyfingar, félagsleiks og þjálfast í að hlúa að eigin velferð.
Lýðræði og mannréttindi	Jákvæður agi byggir á virðingu, samvinnu og samræðum. Nemendur fá að taka ákvarðanir saman og læra að allir hafa rétt til þátttöku og virðingar.
Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafnan möguleika til náms og þátttöku. Fjölbreytileiki og styrkleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum.

Sköpun	Nemendur fá að tjá sig á skapandi hátt í listum, leik og verkefnavinnu. Þeir þjálfa ímyndunarafl og fá að þróa hugmyndir sínar í hvetjandi umhverfi.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil	Þema og námsefni	Námsgreinar og markmið
September 21. Norðurþ.dagur	**Þema: Nærumhverfið** **Íslenska:** • Ritrún 3 • Lesrún 2 - Fjallaþing • Skrift • Efni frá kennara **Samfélags- og náttúrugreinar** • Halló heimur 3 – Eldfjallaeyjan Ísland • Ég og landið mitt (rafbók) **Stærðfræði** - • Sproti 4a – kafli 1, hnitakerfið • Sproti 4b – kafli 7, ummál og flatarmál **Enska** • Hefti frá kennara um vikudaga, mánuði, ár og veðurorð • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður agi** • Bekkjarsáttmáli • Störfin í bekknum • Sjálfstjórn: hvað er það/hvers vegna /tilfinningar /kveikjur/demparar/sjálfstjórnaræfingar • Hrós og þakkir	**Íslenska** • Þekkir sérhljóða og samhljóða • Þekkir sérnöfn og samnöfn • Þekkir lýsingarorð **Samfélags- og náttúrugreinar** • Þekkir muninn á hálendi og láglendi • Fræðist um ólíkar gerðir korta • Fræðist um eldfjallaeyjuna Ísland • Fræðist um nærumhverfið **Stærðfræði** • Getur staðsett punkta í hnitakerfi • Getur reiknað ummál og flatarmál **Enska** • Þekkir daga, mánuði og ár • Þekkir algeng veðurorð

	Námsmat: Lesfimi	
Október 8. viðtöl 9. skipulagsdagur 12. og 13. haustfrí	**Þema: Heilbrigð sál í hraustum líkama** **Íslenska:** • Ritrún 3 • Lesrún 2 - Íþróttir • Skrift • Efni frá kennara **Samfélags- og náttúrugreinar** - • Halló heimur 3 – Heilbrigð sál í hraustum líkama **Stærðfræði -** • Sproti 4a – Kafli 3, Samlagning og frádráttur **Enska** • Hefti frá kennara um líkamann • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður agi** • Sjálfstjórn • Að hafa heilann í hendi sér • Jákvæð einvera • Mistök eru tækifæri til að læra (að gera eða vera, V-A-L, Að biðjast fyrirgefningar og að taka afsökunarbeiðni) • Hrós og þakkir	**Íslenska:** • Þekkir sagnorð og áttar sig á nútíð og þátíð þeirra **Samfélags- og náttúrugreinar** • Læra um meltingarkerfið • Skoða starfsemi hjarta og lungna • Kynnast heilsueflandi líferni • Fræðast um orkugjafa líkamans • Fræðast um mikilvægi svefns **Stærðfræði** • Getur lagt saman fjögurra stafa tölu • Getur dregið frá með fjögurra stafa tölu • Getur borið saman tölur og stærðir með því að nota tákn <,> og = **Enska** • Þekkir helstu líkamsparta

	Námsmat: Orðarún – lesskilningur og 20 orðin - stafsetning	
Nóvember 10.-13. þemavika	**Þema: Himingeimurinn** **Íslenska:** • Ritrún 3 • Lesrún 2 – Geimverurnar mættar aftur • Skrift • Efni frá kennara • Blái hnötturinn **Samfélags- og náttúrugreinar** - • Halló heimur 3 – Himingeimurinn • Halló heimur 3 – Kraftur og hreyfing **Stærðfræði -** • Sproti 4a – Kafli 6, Samhverfa og mynstur **Enska** • Hefti frá kennara um tölur 0-100 og liti • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður agi** • Sjálfstjórn - tilfinningahjól • Hrós og þakkir 1: að kynna ferlið, að gefa og þiggja • Hrós og þakkir 2: Að veita hrós og þakkir • Samskiptahæfni: - það pirrar mig ... og ég vildi óska - Ég-boð -virk og óvirk hlustun	**Íslenska:** • Þekkir lýsingarorð og kann að stigbreita • Býr til samsett orð og tekur í sundur orð **Samfélags- og náttúrugreinar** • Læra um sólkerfið okkar • Fræðast um geimrusl • Kynnast hlutverki ósonlagsins • Kynnast þyngdarkrafti • Skoða núningskraft • Læra um vatns- og loftmótstöðu **Stærðfræði** • Getur speglað, snúið og hliðrar myndum • Getur sagt til um samhverfu og sýnt spegilása **Enska** • Þekkir tölurnar frá 0-100 • Þekkir helstu liti Eineltishringurinn tekinn fyrir

	Þemavika • Heimsmarkmið SÞ	
Desember 4. verkstæðisdagur 18. litlu jól og jólafrí	**Þema: Jólin** **Íslenska:** • Ritrún 3 • Lesrún 2 • Skrift • Efni frá kennara **Samfélags- og náttúrugreinar** - • Halló heimur 2 – verum örugg (lesa og ræða) • Fræðsla frá kennara um jólin **Stærðfræði -** • Sproti 4a – Kafli 5, margföldun og deiling **Enska** • Hefti frá kennara um árstíðir og hátíðir • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður Agi** • Samskiptahæfni (bls. 159 upprifjun og æfingar) • Leitað lausna (af hverju mikilvægt?) • Þakklæti • Að virða fjölbreytileikann • Hrós og þakkir	**Íslenska:** • Þekkir hugtökin ljóðstafi, rím og kvæði • Les upphátt sögur og ljóð • Þekkir sagnorð **Samfélags- og náttúrugreinar** • Hefur kynnst merkingu og siðum aðventunnar • Hefur kynnst sögunni um fæðingu jesúbarnsins • Hefur fengið fræðslu um hættur á heimilum • Hefur fengið fræðslu um rafmagnsöryggi • Hefur kynnst brunavörnum **Stærðfræði** • Kann margföldunartöflurnar 1x-5x • Kann margföldunartöflurnar 6x-10x • Geti séð tengslin milli margföldunar og deilingar • Þekkir grunnhugtökin margföldun og deiling **Enska** • Þekkir helstu árstíðir og helstu hátíðir
Janúar 4. skipulagsdagur	**Þema: Tími og tækni** **Íslenska:**	**íslenska** • Þekkir kyn nafnorða • Fallbeygir nafnorð í eintölu og fleirtölu

	• Ritrún 3 • Lesrún 2 – Stjörnumerki, feyktu mér stormur • Skrift • Efni frá kennara **Samfélags- og náttúrugreinar** - • Halló heimur 3 – Ísland er land þitt **Stærðfræði -** • Sproti 4a – Kafli 4, Tími og klukka • Sproti 4b – Kafli 12, tölfræði **Enska** • Hefti frá kennara með klukkunni • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður agi** • Upprifjun: sjálfstjórn • Gagnkvæm virðing: af hverju mikilvæg? Hvað læra nemendur? • Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum • Að virða fjölbreytileikann: - æfingar: öll dýrin í skóginum & upplifðu muninn • Hrós og þakkir **Námsmat:** Lesfimi	**Samfélags- og náttúrugreinar** • Fræðast um hvað lýðveldi er • Skoða hvað gerir Ísland frábrugðið öðrum löndum • Læra um þjóðargersemar Íslands **Stærðfræði** • Getur lesið af skífuklukku • Getur lesið af stafrænni klukku • Getur reiknað tímann milli tveggja tímasetninga • Getur túlkað upplýsingar sem gefnar eru upp í töflu og sýnt þær í súluriti • Getur lesið úr súluriti og túlkað niðurstöðunnar **Enska** • Kynnist klukkunni
Febrúar 8. Bolludagur 9. sprengidagur	**Þema: Það má vera öðruvísi** **Íslenska:** • Ritrún 3	**Íslenska:** • Þekkir nafnorð með og án greinis • Þekkir sérhljóða og samhljóða

10. Öskudagur 11. Viðtöl 12. skipulagsdagur 15. og 16. Vetrarfrí	• Lesrún 2 • Skrift • Efni frá kennara **Samfélags- og náttúrugreinar** - • Halló heimur 3 – Ég er nóg **Stærðfræði -** • Sproti 4a – Kafli 2, Tölur stærri en 1000 og minni en 0 **Enska** • Hefti frá kennara um fatnað og fjölskyldu • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður agi** • Upprifjun á sjálfstjórn - hvers vegna mikilvæg? • Heilinn í hendi sér – upprifjun • Fjölbreytileikinn • Að efla samvinnu **Námsmat:** Matsferill opnar 22.	**Samfélags- og náttúrugreinar** • Skoða hvað er líkt og ólíkt með okkur öllum • Fræðast um ýmsar gerðir ofbeldis • Læra að setja mörk • Læra um fjölbreytileikann **Stærðfræði** • Þekkir grunnhugtökin plús og mínus • Getur lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 10.000. • Þekkir sætiskerfið og getur skipt tölum í einingar, tugi, hundruð og þúsund og sagt til um gildi hvers tölustafs í fjögurra stafa tölu. • Þekkir negatífar tölur og getur reiknað einföld dæmi með negatífum tölum. • Getur námundað tölur að næsta tug hundraði og þúsundi. **Enska** • Þekkir fjölskyldumeðlimi • Þekkir algengan fatnað
Mars 19. páskaleyfi hefst	**Þema: Trúarbrögð** **Íslenska:** • Ritrún 3 • Lesrún 2 - draugar • Skrift • Efni frá kennara **Samfélags- og náttúrugreinar** -	**Íslenska** • Kann stafrófið og getur beitt því • Skrifar skýrt og læsilega og vandar frágang • Getur beitt stafsetningareglum um stóran og lítinn staf, ng og nk, tvöfaldan samhljóða og n eða nn í enda orðs. **Stærðfræði** • Getur framkvæmt deilingu sem jafna skiptingu

	• Halló heimur 3 - Trúarbrögð **Stærðfræði -** • Sproti 4b – Kafli 8, margföldun og deiling 2 **Enska** • Hefti frá kennara um dýr • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður Agi** • Mistök og hvernig við leiðréttum þau • Mistök: að gera eða vera • Mistök og viðbrögð við þeim • Lærum af mistökum: V-A-L • Sjálfstjórn & heilinn í hendi sér • Hrós og þakkir **Námsmat:** Matsferill lokar 19. • Orðarún – lesskilningur og • 20 orðin – stafsetning	• Getur framkvæmt deilingu sem endurtekinn frádrátt • Getur reiknað margföldunardæmi í daglegu lífi • Getur reiknað deilingardæmi í daglegu lífi • Getur margfaldað með tveggja stafa tölum **Náttúru- og samfélagsgreinar** • Læra um nokkur trúarbrögð • Skoða hvernig fólk iðkar trú sína • Fræðast um trúarhátíðir **Enska** • Þekkir algeng dýr
Apríl 22. sumard. fyrsti	**Þema: Í blóma lífsins** **Íslenska:** • Ritrún 3 • Lesrún 2 • Lesrún – ávaxtasalat afa • Skrift • Efni frá kennara **Samfélags- og náttúrugreinar**:	**Íslenska:** • Dregur rétt til stafs • Skrifar mismunandi gerðir texta • Nýtir sér hugtökin upphaf, miðja og endir við ritun **Samfélags- og náttúrugreinar** • Fræðast um hvernig matjurtaræktun fer fram • Kynnast hringrásum í náttúrunni • Fræðast um plöntur og vistkerfi

	• Halló heimur 3 – Í blóma lífsins **Stærðfræði:** • Sproti 4b – Kafli 9, mælingar og tugabrot • Sproti 4b – Kafli 10, almenn brot **Enska:** • Hefti frá kennara um algengar matvörur • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður Agi:** • Hugstormun • Lausnaleit • Hlutverkaleikur • Tilfinningavitund • Hrós og þakkir	**Stærðfræði** • Getur breytt úr einni mælieiningu í aðra: grömm, kíló, metri, sentimetri, millimetri, desilítri, lítri • Getur haldið áfram með einföld talnamynstur og talnarunur – þekkir tíundu hluta og getur raðað slíkum brotum í stærðarröð. Skilur almenn brot sem hluta af heild. • Þekkir hugtökin teljara og nefnara • Getur fundið óþekktan þátt í samlagningu • Getur fundið óþekktan þátt í frádrætti **Enska** • Þekkir algengar matvörur
Maí 6. uppstigningardagur 7. skipulagsdagur 17. annar í Hvítasunnu	**Þema: Örugg í umhverfinu** **Íslenska:** • Ritrún 3 • Lesrún 2 – moldvörpur • Skrift • Efni frá kennara **Samfélags- og náttúrugreinar**: • Halló heimur 3 – Örugg í umhverfinu • **Stærðfræði:** • Sproti 4b – Kafli 11, reikningur **Enska**	**Íslenska:** • Rifja upp og fara betur ofan í fyrri námsþætti • Þekkja sagnorð, lýsingarorð, nafnorð, sérhljóða, samhljóða **Samfélags- og náttúrugreinar** • Kynnast og skoða hættur á leiksvæðum • Kynnast öryggisbúnaði á bryggjum • Læra að umgangast flugelda • Kynnast hættum í nærumhverfinu **Stærðfræði** • Getur túlkað upplýsingar sem gefnar eru upp í töflu og sýnt þær á súluriti • Getur lesið úr súluriti og túlkað niðurstöður

	• Hefti frá kennara • Hickory, Dickory, Dock **Jákvæður Agi** • Sáttmálar endurskoðaðir • Sjálfstjórn • Mistök – V-A-L • Mistök - Að biðjast fyrirgefningar og að taka við afsökunarbeiðni **Skimun:** Lesfimi	**Enska** • Getur hlustað og farið eftir fyrirmælum við verkefnavinnu • Getur skrifað einföld orð og setningar
Júní 8. skólaslit	Aukin áhersla á útiveru	

Allt skólaárið: Námsefni sem unnið er með eru námsbækur, ýmsar bækur á bókasafni tengdar hverju þema, leikir, áhorf, hlustun, söngur og fleiri fjölbreytt verkefni. Unnið er að þróun og endurskoðun hæfniviðmiða í samræmi við nýja stefnu í námsmati og Aðalnámskrá grunnskóla.

Við gerð þessarar áætlunar er haft í huga að mörg hæfniviðmið tvinnast saman milli námsgreina og birtast í fjölbreyttu námi nemenda. Því er lögð áhersla á heildstæða nálgun í mati á námi og hæfni, þar sem kennarar meta frammistöðu og framfarir nemenda jafnt og þétt í gegnum önnina í samræmi við markmið skólans og vinnulag leiðsagnarmats.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Menntun fyrir öll: Að nemendur fái jafnan aðgang að námi og námstækifærum um leið og námsefni er aðlagað að þörfum hvers og eins ef/þegar þurfa þykir.



Aukinn jöfnuður: Fjalla um jöfnuð og fjölbreytileika í þeim textum sem unnið er með í byrjendalæsi hverju sinni.



Friður og réttlæti: Að vanda sig í samskiptum og bera virðingu fyrir hvert öðru. Tekið sérstaklega fyrir í bekkjarsáttmála.



Heilsa og vellíðan: Að stuðla að vellíðan allra barna inn í kennslurými. Unnið með félagsfærni og nýtt hjálpartæki, svo sem heyrnartól, teygjur og mildari lýsingu þegar hægt er til að tryggja vellíðan nemenda.



Jákvæður agi

Markmið að nemandi:

- Áttar sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna.
- Getur lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Getur borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Getur bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig

- Gerir sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
- Sýnir tillitsemi og umhyggju í leik og starfi.
- Getur hlustað á og greint að ólíkar skoðanir.
- Áttar sig á og getur lýst tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- Sýnir tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Getur tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- Getur tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Gerir sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að leggja sitt af mörkum fyrir aðra, skipta máli og tilheyra.